



Fundagerð AÐALFUNDAR RTÍ föstudaginn 4. maí 2018

1. Forseti RTÍ setur fundinn og tilkynnir um umboð frá Þorgils RT3 til Jóns Bergssonar RT1 sem siðameistara á þessum fundi. Einnig ber hann kveðju frá Þorgils siðameistara og Thomasi Elong frá Danmörku.
2. Daníel RT5 les tilgang Round Table.
3. Kosning fundarstjóra. Óskar Ingi Sigurðsson fyrrverandi félagi í RT5 og núverandi félagi í OT1 er kosinn samhljóða með lófaklappi.
4. Kosning fundarritara. Vignir varalandsforseti er kjörinn með lófaklappi.
5. Þórmundur og Viðar RT1
Guðmundur og Unnsteinn RT2
Þórir RT3
Gunnar og Sveinbjörn RT4
Sigurður varaformaður í RT5
Friðgeir og Oddur RT6
Níels F og Gunnar RT7
Ingbór og Þórður RT8
Guðmundur og Jónas RT9
Sveinn og Hallur RT10
Flóvent í umboði og Haffi RT11
Sigurður RT12
Jóhannes RT16
Engar athugasemdir við lögmæti fundar gerðar.
6. Fundarboð aðalfundar RTÍ 2017-2018 borið upp til samþykktar og samþykkt.
7. Fundagerð 3. fundar fulltrúaráðs RTÍ 2017-2018 borin upp til samþykktar og samþykkt.

8. Ársskýrsla landsstjórnar og embættismanna RTÍ. Forseti fer yfir líðandi starfsár. Þórhalli RT5 afhentur þakklætisvottur fyrir góð störf í þágu hreyfingarinnar.
Logi ritari fer yfir sín mál og kvartar yfir því að það séu of margir aðilar á FB-síðunni sem ekki eiga að vera þar og leggur til skipulagningu um hvernig menn eru samþykktir inn. Hrafn RT12 leggur til að menn sendi skilaboð með beiðni. Oddur RT6 vill að heimasíða verði höfð lokuð bara fyrir félag. Í framhaldinu flytur Oddur skýrslu veiðiklúbbsins og fer yfir störf hans á liðnu ári.
9. Gaui fer yfir reikningana til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.
10. Ársskýrslur klúbbformanna.
 - a. Þórmundur fer yfir ár Ásanna sem heldur októberfundinn og er starf þeirra í miklum blóma.
 - b. Guðmundur formaður RT2 fer yfir starf þeirra. Þeir eru aðeins 8 virkir en eru að vinna í að henda mönnum sem skráðir eru í leyfi út úr klúbbum og byggja upp fleiri virka félag.
 - c. Þórir kemur upp og kynnir starf líðandi árs Pristanna.
 - d. Formaður Fjarkanna kemur upp og segir frá sérstaklega góðu ári þeirra.
 - e. Logi kemur í pontu og fer yfir starfsárið þeirra sem var yfirgripsmikið. Þeir bjóða bara nýliðum sem óska eftir inntöku sjálfir.
 - f. Oddur segir frá gríðarsterku starfi Sexunnar sem var frekar hefðbundið en gott þetta árið.
 - g. Níels kemur upp og segir frá lærdómsríku ári þeirra.
 - h. Ingbór fer yfir starfið.
 - i. Guðmundur kemur og segir frá mögnuðu ári sem var eiginlega með þemað veiði á allan hátt. Hann býður áhugasömum á kick-off fund sem er gæsaveiðitúr.
 - j. Sveinn Ólafur formaður sagði frá starfinu og hvað það var gaman hjá þeim á Eurometing.
 - k. Flóvent segir frá áhugaverðu ári sem fór mikið í alþjóðlegan fund sem var haldinn síðastliðið sumar. Þeir verða með Eurometing í sumar.
 - l. Siggi segir frá dásamlegu ári með 13 fundi og fulltrúaráðsfund sem þeir segja að hafi verið sá besti hingað til. Siggi þakkar fyrir samstarfið því hann er að ganga upp.
 - m. RT13, RT14 og RT15 eru ekki með fulltrúa.
 - n. Jóhannes segir hvað árið var gott hjá RT16 og lýsir yfir sérstakri ánægju með hvað þeir fengu margar heimsóknir og hvað starf þeirra var blómlegt þetta árið.

Siðameistari viðhefur nafnakall sem enginn skilur neitt í. Rukkar alla þá sem hann kallaði upp um 2.000 kr. fyrir að hafa verið fulltrúar þegar Þorgils var kjörinn. Því hann sem siðameistari er ekki á staðnum.

11. Jón Ísleifsson ber upp lagabreytingu um að varalandsforseti þurfi ekki sjálfur sem persóna að rita fundargerðir og geti útnefnt kunnáttumann í sinn stað. Jón hinn sami kynnir stóra lagabreytingu sem gengur út á að bæta við manni í landsstjórn sem yrði gert úr ritstjóra og vefstjóra sem eitt embætti. Tilgangurinn er að það sem fer frá landsstjórn sé alltaf up-to-date. Kom upp athugasemd frá Þórmundi að breytingin sé ekki rétt gerð.

Lagt er til að starf ritara og vefstjóra verði lagt niður. Samþykkt með 4 mótatkvæðum og einni hjásetu.

Lagt er til að 5. landsstjórnarmaður verði búinn til úr rit- og vefstjóra. Samþykkt samhljóða.

12. Kosning skoðunarmanns reikninga. Stungið upp á Jóni Bergssyni og hann kosinn með öllum atkvæðum.

13. Önnur mál.

a. Jón Ísleifsson kallar eftir verðlaunabikarnum (farandbikar) og bendir á að þetta eru ekki hlutir sem á að stela.

b. Jón kynnir Reyni upp á svið sem hefur verið að vinna að online vision sem átti að reyna að opna þessa helgi en er ekki hægt út af nýrri persónuverndarlöggjöf.

c. Unnið er að gerð forms svo hægt sé að uppfylla skilyrðin.

Vignir kemur upp í pontu og kynnir fyrirlestur frá Þórhalli á morgun um tölfræði í RT á Íslandi og að menn megi ekki missa af því.

14. Stjórnarskipti.

15. Fundi slitið.